

## Skýrsla vallarstjóra 2018

Sumarið 2018 var mitt fjórða sumar í Öndverðarnesi, og á sama tíma og það er eftirminnilegt var það ekki auðvelt. Tímabilið einkenndist af mikilli úrkomu og var vorið það blautasta og kaldasta sem ég man eftir.

Auk mín störfuðu á vellinum Ólafur Dór Steindórsson eftir að hafa verið í fullu starfi yfir veturinn hjá okkur, Arilíus Óskarsson, Jökull Hermannson, Guðmundur Sveinsson og Þorkell Ingi Sigurðsson. Guðmundur og Þorkell voru á sínu fyrsta sumri hjá okkur en Arilíus og Jökull höfðu unnið hjá okkur eitt sumar eða lengur. Nú á haustmánuðum fór Ólafur til náms í Skotlandi þar sem hann nemur nú gras og golfvallafræði við Elmwood College, býr í St. Andrews og stundar vinnu með skólanum á þeim fornfrægu völlum sem þar liggja. Hann hlaut á dögumum skólastyrk frá R&A sem þykir mikill heiður og ber vott um djúpan skilning á viðfangsefninu, ásamt því að opna honum margar dyr í framtíðinni.

### Ástand vallar

Veturinn 2017-2018 verður að teljast frekar harður. Strax eftir áramótin höfðu sumar flatir verið undir ís í um 30 daga og tími aðgerða til að minnka hættuna á kali því hafinn. Mikil vinna fór í að brjóta klaka og hreinsa hann af flötum. Helst ber að nefna flatir 14, 15, 16 og 18. Djúpt frost í jörðu olli því að landið umhverfis flatir sem byggðar eru á frosfríu efni reis allt að 20 cm hærra en flatirnar. Það gerði það að verkum að allt leysinga- og rigingarvatn safnaðist saman inn á flötunum og vatsnhallar inni á flötum gerðu lítið. Þykkun á klaka varð sumstaðar mikil eða allt að 10 cm. Framtíðar úbætur við flatir ættu því meðal annars að snúa að því að byggja forflatir upp líkt og við gerðum á 14. til að verjast flostlyftingu umhverfis flatir.



Mynd 1 - Þykkur ís á 16. flöt eftir eina umferð með gatara til að mylja ísinn

Þann 2. mars hafði mest allur klaki horfið af flötum eftir hlakutíð og komu þær sum staðar undan heillegar á lit en lyktin sem fylgdi gaf ekki ástæðu til bjarsýni. Framundan voru kaldar, þurrar og hvassar norðanáttir sem ég óttaðist að myndu fara illa með flatirnar sem nú stóðu berar og þróttlitlar eftir að hafa verið undir ís síðan í lok nóvember. Mestar áhyggjur hafði ég af 14. flöt enda hefur hún áður farið illa út úr vetrum sem þessum. Því brugðum við á það ráð að leggja yfir hana acryl dúka til að verja hana fyrir hvassri norðan átt. Ég hefði betur gert það við fleiri flatir því kaldir vindar og frost svo að segja luku verki sem ísinn hafði hafið. Margar flatir kólu illa, og breytti engu hvort þær höfðu sögu um vetrarkal eða ekki. Verst fór 15. flötin sem haustið áður hefur aldrei verið í betra ásigkomulagi en um 95% yfirborðs hennar kól alveg.

Með vorinu hófst mikil vinna við yfirsáningar, gatanir og sandanir til að reyna að loka kal sárum eins fljótt og auðið var. Til að mynda vorum við búnir að sá, gata, sanda og dúka 15. flöt fyrir lok apríl og eins og veðrið var í apríl leit þetta út fyrir að ætla að ganga vel. En sumarið lét bíða eftir sér og fram undan var köld rigingartíð út júnímánuð. Æskilegum lágmarkshitastigi til fræ spírunar og grasvaxtar náðum við ekki fyrr en um miðjan júlí og því gerðis lítið fram að júlí mánuði.

Upp úr miðjum júlí fór veðráttan að vinna með okkur og voru margir góðir dagar í júlí, ágúst og september. Mikið af kalsárum og svæðum sem sáð var í tóku ekki við sér fyrr en seinni hluta sumars og í haust. Völlurinn naði því príðilegu ástandi seint í sumar þó hann ekki hafi allt gróið um heilt.

## Framkvæmdir

### Vökvunarkerfi

Vinna við gangsetningu og stækkun vökvunarkerfisins hélt áfram á árinu og í vor var framkvæmdum við dælhús lokið. Í framhaldinu var dælubúnaður ræstur og gekk það vel. Eins veðráttan var í sumar var það ekki mikið notað en þó nokkuð þegar leið á seinni hluta sumar.

Stofnlögn kerfisins var framlengd um 250m í sumar inn á eldri hluta vallarins og hefur vatni verið komið á nýja teiga á 8. braut. Nú í nóvember er hafin vinna við að leggja stofn áfram frá 8. teigu upp að 9. og 18. flöt. og verða lagðir sprinklarar kringum þessar flatir þegar tími vinnst til.

### Nýjir teigar á 8. braut

Á haustmánuðum hófst vinna við byggingu nýrra teiga á 8. braut vallarins. Markmið breytinganna var að bjóða kylfingum upp á upphafshögg með meira og fallegra útsýni niður á brautina en núverandi upphafshögg er blint af aftari teig. Sáð var í teigana seinni hluta júlí og var komin ágætis þekja á þá í haust.



Mynd 2 - aftari teigur á 8. náði ágætis grasþekju. Myndin er tekin í september

### Nýr æfingarteigur og dren á æfingasvæði

Í vor var ákveðið að stefna að byggingu nýs æfingarteigs á æfingasvæðinu okkur og geta boðið upp á viðunandi grasteig til æfinga. Töluverður halli var á landinu og var umtalsverðu magni af burðarefni var keyrt undir rótarlagið til að taka teiginn réttan. Gengu framkvæmdir vel og eftir frágang á rótarlagi,



Mynd 3 - nýr æfingarteigur 16. september

aðkomu teigs og lagningu vökvunarkerfis var sáð í hann í annarri viku af júní. Teigurinn var dúkaður með acryldúk og spíraði vel undir honum enda þornaði lítið í vætutíð. Þó hélt lágt hitastig aðeins aftur af grasvexti til að byrja með. Fyrsti sláttur á teignum var tæpum 4 vikum eftir sáningu og undir lok sumars var slatturhæð teigsins komin niður í sömu hæð og annara teiga, eða u.þ.b. 12mm.

Þá var voru grafnir um 250m af dremskurðum í æfingasvæðið til að þurrka það, en svæðið liggur í mikilli mýri sem takmarkar boltatýnslu og slátt á svæðinu. Betur má ef duga skal því það var svo blautt í sumar að aldrei tókst að opna það. Því verður áfram bætt við dremskurðum til að veita vatni frá verstu bleytusvæðunum.

## Áframhaldandi drenframkvæmdir

Eftir blautt sumar kom vel í ljós hvar þörfin á áframhaldandi dren aðgerðum var mest. Ber þar helst að nefna miðhluta 11. brautar sem ekki var dreinaður um árið ásamt fremsta hluta brautarinnar. Ákveðið var að fara í þessa aðgerð nú í haust en vegna bilunar á tækjum til verksins frestast þetta verk fram á vorið.

Þá var ákveðið að freista þess að leysa drenvandamál sem komið hafa upp á fyrri öðrum holum vallarins með eins einföldum hætti og mögulegt er. Pollamyndun hefur verið hröð á 3., 7., 8. og 16. braut og hefur það meðal annars orsakað mikil svell og stór kalsvæði yfir veturinn. Því hafa verið grafnar margar holur í lágpunktum brautanna, í gegnum jarðveginn og niður í hraunið undir sem tekur vel við vatni. Út frá sumum holum liggja drenskurðir til að sækja vatn á nálæg svæði. Holurnar verðar fylltar með grófu efni sem tekur vel við vatni og sýnilegt niðurfall verður í yfirborði sem getur tekið við regnvatni þegar mikið rignir. Vonir standa til þess að þetta greiði leið yfirborðsvatns niður í neðri og gljúfari jarðlög og minnki til muna kalhættu og dragi úr pollamyndun yfir sumarið. Einnig var grafinn um 100 m langur drenskurður upp í 7. braut til að sækja það vatn sem þar safnast saman en mikið magn vatns kemur undan brekkunni meðfram brautinni og hefur ekki átt greiða undankomuleið.



Mynd 4 - mikið vatn rann úr skurðum í holur þegar þær voru grafnar. Myndin er af 8. braut.

## Aðrar framkvæmdir

Ýmsar smærri framkvæmdir voru unnar á árinu. Göngustígur frá aftari teig fram fyrir fremri teig á 10. braut var mokaður upp og jarðvegsskipt á því svæði. Uppgröftur úr stíg var nýttur til að skerma æfingarteiginn frá 10. brautinni og til frágangs kringum nýjan æfingateig. Gekk það vel og er mikill ásýndarmunur á svæðinu.

Tröppur voru reistar upp á fremri teig á 16. braut og unnið að lagfæringu á stígum vallarins, til dæmis á 14. braut.

Kerrugeymslan og innisvæðið var tekið í gegn síðasta vetur. Veggjum var lokað, gólf og veggir máluð ásamt því að útbúa skrifstofu fyrir vallarstjóra innst í rýminu. Skrifstofan þjónar einnig sem geymsla fyrir gögn og smærri muni klúbbsins en slíka geymslu hefur lengi vantar. Umgengni um svæðið batnaði mikið í sumar og vona ég að sú þróun haldi áfram.

## Vélakaup

Engar nýjar vélar voru keyptar fyrir sumarið 2018 enda stutt frá kostnaðarsamri endurnýjun á brautarslátturvél sem hefur nú staðið sig vel, án vandræða, í tvö sumur. Þó voru fest kaup á nýrri notaðri dráttarvél nú á haustmánuðum. Lengi hefur staðið til að endurnýja dráttavél klúbbsins því þær sem fyrir eru nýtast ekki nægilega vel til þeirra verka sem þær þurfa að leysa af margvíslegum ástæðum. Því var ákveðið að festa vél þegar hún kom í leitirnar á góðu verði. Vélin er af gerðinni John Deere 4720 og kemur frá Bretlandi. Vallarstjóri hefur skoðað vélinu og er hún í góðu ásigkomulagi. Von er á henni til landsins nú í desembermánuði.

## Lokaorð

Eins og fram hefur komið var veðurfarið óhagstætt framan af liðni sumri. Vetrarkal mikið og vorið lærdómstíkt. Í maí og júní rigndi samtals rétt rúmlega 300 mm en ekki nema rúmlega 70 mm í bæði júlí og ágúst. Úrkoma jókst aftur í september og rigndi þá 124 mm þó að inn á milli væru mjög góðir dagar.

Því miður vilja fróðir menn meina að búast megi við aukinni kalhættu oftar á næstu árum í uppsveitum landsins og við erum að aðlaga okkur að því. Hluti að því er til dæmis aukin notkun á dúkum og fyrirbyggjandi aðgerðum, ásamt yfirsáningum á þeim grasategundum sem þola meiri vetrarhörku en þær tegundir sem við höfum hingað til treyst á. Sömuleiðis byggist upp þekking og kunnátta meðal starfsmanna klúbbsins sem nýtist vel, ekki síst hjá Ólafi sem nú safnar í reynslubankann í Skotlandi.

Nú þegar ljóst er að Aðalsteinn gefur ekki kost á sér til formennski í klúbbum áfram vil ég þakka honum farsælt og náið samstarf síðan ég hóf störf hjá klúbbum. Hann hefur reynst mér afar vel og lagt sig fram við að gera starf mitt eins farsælt og mögulegt er. Einnig vil ég þakka klúbbsmeðlimum allar þær vinnustundir sem þeir leggja af mörkum, ár eftir ár og þakka þeim sömuleiðis eftirminnilegt golfsumar. Að endingu þakka ég vallarstarfsmönnum sem stóðu sig frábærlega við erfiðar aðstæður í sumar.

Sveinn Steindórsson, Vallarstjóri